Umhverfisstofnun
Environment Agency of Iceland | Suðurlandsbraut 24
IS – 108 Reykjavík | Tel: +354 591-2000
Fax: +354 591-2020 | www.umhverfisstofnun.is
ust@umhverfisstofnun.is

04. des. 2015

UMHVERFISSTOFNUN

Sorpstöð Rangárvallasýslu
Hlíðarvegi 16
860 Hvolsvöllur

Reykjavík 3. desember 2015
UST201511-109/E.D.K.
08.14.02

**Úrbótaáætlun samþykkt – frestur veittur**

Umhverfisstofnun vísar í bréf, dags. 25. nóvember sl. þar sem Umhverfisstofnun áformaði að áminna Sorpstöð Rangárvallarsýslu vegna tveggja frávika frá starfsleyfi. Þann 2. desember barst stofnuninni áætlun um úrbætur.

**Frávikin eru eftirfarandi:**

1. Geymsluaðstaða fyrir bíla og tæki skal vera með vökvaheldu yfirborði.
   Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila á steypt plan að verða tilbúið fyrir lok júní 2016 skv. samningi sem gerður hefur verið við verktaka. Umhverfisstofnun samþykkir þessa áætlun og gerðar úrbætur verða skoðaðar í reglubundnu eftirliti á næsta ári.
2. Ekki hafa verið haldnir samráðsfundir sbr. ákvæði 4.11 undanfarin sex ár.
   Rekstraraðili hefur boðað til samráðsfundar 8. desember nk. Umhverfisstofnun lítur svo á að frávikinu sé lokið þegar fundurinn hefur verið haldinn.

Eftirfylgnimáli sem hófst með bréfi dags. 25. nóvember sl. telst nú lokið. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni ofangreindra frávika verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 og er 23.800kr.

Virðingarfyllst

Eva Kristjáns

Eva Dögg Kristjánsdóttir
sérfræðingur

Gunnlaug Einarsdóttir

Gunnlaug Einarsdóttir
sviðsstjóri